

um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfni.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Gislason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á fræðslulöggjöfni, þar sem m. a. sé ákveðið:

1. Námskylda í unglingskólum sé numin úr lögum og árlegur skyldunámstími í barnaskólum stytur verulega, en þó sé skylt að veita börnum þá lágmarksfræðslu, sem nú er krafizt við barnapróf, og séu þau prófskyld frá 8 ára til 13 ára aldurs.
 2. Allir eigi þess kost að ganga undir próf í bóklegum og verklegum greinum og ef þeir standast prófin að hljóta þau réttindi, sem þau veita, hvort sem þeir hafa húið sig undir próf með námi í skóla eða á annan hátt.
- Lagafrumvörp um þessi efni séu lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Árið 1946 voru sett lög um skólakerfi og fræðsluskyldu og sérstök lög um fræðslu barna, gagnfræðanám, húsmæðrafræðslu og menntaskóla. Milliþinganefnd í skólamálu, skipuð árið 1943, hafði undirbúið lagasetninguna. Ákveðið var, að lögin skyldu koma til framkvæmda á árunum 1947—1953.

Þó að ekki séu liðin nema 5 ár síðan þessi fræðslumálalöggjöf öðlaðist gildi og hún sé ekki komin til framkvæmda að fullu, hefur þegar komið áþreifanlega í ljós, að enn þarf að gera breytingar á lagafyrirmælum um fræðslumálin. Einkum er þess brýn þörf að gera fræðslu og nám frjálslagra en það er nú.

Samkvæmt lögnum um fræðslu barna og um gagnfræðanám eru börn og unglingar skólaskyld frá því að þau eru 7 ára til 15 ára aldurs. Skólatíminn er ákveðinn 7—9 mánuðir ár hvert. Svo langvarandi skólavist meiri hluta ársins í 8 ár samfleytt er of þvingandi fyrir fjölda ungmenna á þessum aldri og kemur ekki að þeim notum, sem til er ætlað. „Svo er margt sinnið sem skinnið“, og því er ekki skynsamlegt að ætla öllum jafnlangan námstíma í skólum. Einn getur lokið því námi á fáeinum vikum, sem öðrum er um megn að ljúka á jafnmörgum mánuðum. Og margir þeir, sem hafa takmarkaða löngun eða hæfileika til náms á skólabeckjum, geta orðið nýttir menn í þjóðfélaginu, ef þeir fá þegar á unga aldri að kynnast og venjast þeim viðfangsefnum, sem eru þeim geðþekkt.

Í tillögu þessari er lagt til, að skólaskylda í unglingskólum sé afnumin, og skyldunámstíminn í barnaskólum gerður skemmri en hann er nú, en þó sé skylt að veita börnum þá lágmarksfræðslu, sem nú er krafizt við barnapróf. Enginn vafi er á því, að yfirleitt er hægt að veita börnum þá uppfræðslu á skemmri tíma en þeim er nú skylt að verja til skólanáms, og engin skynsamleg ástæða er til þess fyrir löggjafarvaldið að skylda börn til lengri skólavistar en þeim er nauðsynleg til þess að hljóta þessa fræðslu. Sumir halda því hins vegar fram, einkum kaupstaðabúar, að langur skólatími sé börnunum nauðsynlegur, því að þau skorti viðfangsefni að öðrum kosti. Um þetta er það að segja, að ef einhverjir forráðamenn barna telja þeim hollt og gagnlegt að vera lengur við nám í barnaskóla en skyldan býður, ætti það að vera mögulegt.

Þótt skólaskylda í unglingskólum verði afnumin, eins og hér er lagt til, er eftir sem áður þörf fyrir slíka skóla, sem veita þeim, er þess óska, framhaldsfræðslu, eftir að barnaprófi er lokið. Síðan taka við gagnfræðaskólar, sérskólar í ýmsum greinum, menntaskólar og háskóli. Verður þá fræðslukerfið byggt upp með svipuðu móti og nú er, en námsmenn ættu að eiga þess kost að hefja nám á hvaða skólastigi sem er, eftir því sem þekking þeirra eða verkkunnátta leyfir. Einkum

mun þörf að stefna að því, að menn eigi kost á fjölbreyttara námi í verklegum greinum.

Þess hefur þótt gæta mjög í þjóðlífinu á síðustu áratugum, að fólk leitaði frá hinum erfiðari störfum, svo sem framleiðsluvinnu á landi og sjó, að öðrum, sem minni líkamleg áreynsla fylgir, einkum skrifstofuvinnu, margs konar viðskiptum og fastlaunuðum störfum hjá opinberum stofnunum. Hér skal á engan hátt gert lítið úr hinum fjölbreytilegu viðfangsefnum ríkisstarfsmanna, sem þeir vinna að í þágu almennings, eða nauðsynlegri þjónustu í viðskiptalífinu. En vel má nú sjá merki þess, að aðdráttarafl þeirra starfsgreina fari minnkandi og að margt af því unga, þróttmikla fólki, sem er að vaxa upp í kaupstöðum og sveitum landsins, muni fremur kjósa sér önnur verkefni. Færra af ungu fólki leitar nú burt úr sveitunum en áður, og ýmsir þeir, sem áður hafa flutt sig úr sveitum til kaupstaða, vilja gjarnan hverfa til baka og taka upp fyrri störf, sem mörg eru nú auðveldari en áður vegna nýrrar tækni og vélameningar. Eitt af því, sem bendir til slíkra straumhvarfa í þjóðfélaginu, er skoðanakönnun sú, sem skátar í Reykjavík stofnuðu til í haust í sambandi við starfsgreinasýningu, er þeir héldu. Skoðanakönnun þessi var þannig framkvæmd, að spurningin: „Hvað viltu verða?“ — var lögð fyrir fjölda ungra höfundastadarbúa, sem yfirleitt voru á aldrinu 7—17 ára. Rúmlega 1000 svöruðu spurningunni. Flestir kusu landbúnað, en næstflestir sjómennsku. Margfalt fleiri vildu vinna við þessa gömlu aðalatvinnuvegi þjóðarinnar heldur en við verzlun, og meira að segja bifreiðar og flugvélar, sem á síðari tímum hafa dregið til sín hugi margra drengja, urðu hér að þoka fyrir sveitabúskap og sjóferðum.

Enginn vafi er á því, að sýningar svipaðar þeirri, sem hér hefur verið nefnd, geta haft mikla þýðingu til að veita ungu fólki fræðslu og yfirsýn um þau fjölbreyttu störf, sem völ er á. Jafnframt þarf að veita unglíngunum möguleika til að afla sér kunnáttu í þeim viðfangsefnum, sem þeir helzt kjósa að vinna að, án þess að skylda þá til skólavistar. Einnig þarf að veita mönnum óskorað athafnafrelsi við þau verk, sem þeir eru færir til, þótt þeir hafi ekki stundað skólanám. Lög um iðnfræðslu og iðnaðarmálefni eru nú svo úr garði gerð, að enginn getur tekið próf í smíðum, þótt listasmiður sé, og fengið réttindi til að vinna fyrir sér með smíði á borðum, stólum og öðrum húsgögnum, nema hann hafi stundað nám í iðnskóla og hjá meistara í iðninni árum saman. Svo er þetta einnig í öðrum iðngreinum. Hér þarf frelsi í stað óeðlilegra hindrana. Hæfileikamenn þurfa að eiga þess kost að ljúka prófi í hvaða grein sem er án skólagöngu, ef þeir eru til þess færir, og hljóta þau réttindi, sem prófin veita. Er að þessu vikið í 2. tölulíð tillögunnar.

Til þess að koma fræðslumálunum í það horf, sem hér eru gerðar tillögur um, þarf að gera breytingar á mörgum lögum. Kostar það allmikla undirbúningsvinnu, og telja því flutningsmenn heppilegast, að ríkisstjórninni verði falið að láta semja lagafrumvörp um breytingarnar fyrir næsta þing.

Þegar vart verður straumbreytinga í þjóðlífinu, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi fræðslu- og skólamála, til þess að allar framkvæmdir í þeim efnun verði í sem beztu samræmi við þrjár og þárfir æskumanna og komi þeim að sem fyllstum notum. Það er því ekkert tiltökumál, þó að oft þurfi að gera breytingar á lögum um fræðslumál og tilhögun þeirra. Með flutningi þessarar tillögu er fyrst og fremst stefnt að því að gera fræðslustarfsemið frjálslægri en hún er nú og um leið þroskavænlegri fyrir það unga fólk, sem á að erfa landið.

Skólalöggjöfin og framkvæmd hennar á að miðast við það, að börn, unglíngar og fulltíða menn geti notið þeirrar fræðslu og þess náms, sem hugur þeirra stefnir til. En hitt ætti að varast, að leggja þvingandi fjötur skólaskyldunnar á þá ungu menn, sem hafa ekki áhuga fyrir skólanámi, en dreymir allá daga og nætur um víkingaferðir á höfum úti eða fallega sveitabæi, góðhesta, kindur og gróandi jörð.